

5. Náttúruverndarráð stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem hlut eiga að máli, að sögulegum minjum sé við haldið.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir pósthjónustu, nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein nr. 14 4.1 í reglugerðinni orðist svo:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

Heimilt er að veita helmingsafslátt af burðagjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð, sem landssamtök stéttarféлага gefa út og blöð, sem fjalla almennt um stjórnsmál, en fjórðungsafslátt fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúsmál.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217 25. maí 1979, um sama efni.

Samgönguráðuneytið 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.


AUGLÝSING

um friðland í Búðahrauni, Snæfellsnessýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskraðum reglum:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Búðaós frá sjó og síðan girðing friðlandsins að austan og norðan allt að vesturmörkum lands Félags Snæfellinga og Hnappdæla (samkvæmt afsölum frá 1943, en þinglýst 26. janúar 1944). Síðan fylgja mörk friðlandsins þeim mörkum til sjávar, en eftir það ræður sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.



Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.
5. Berjatinsla, önnur en til neyslu á staðnum, er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 283/1977 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinnsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugleiðum hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. október 1979 til 31. desember 1984:

1. Reykjavík — Patreksfjörður — Reykjavík
2. Reykjavík — Þingeyri — Reykjavík
3. Reykjavík — Ísafjörður — Reykjavík
4. Reykjavík — Sauðárkrókur — Reykjavík
5. Reykjavík — Akureyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Húsavík — Reykjavík
7. Reykjavík — Raufarhöfn — Reykjavík
8. Reykjavík — Þórshöfn — Reykjavík
9. Reykjavík — Egilsstaðir — Reykjavík
10. Reykjavík — Neskaupstaður — Reykjavík
11. Reykjavík — Hornafjörður — Reykjavík
12. Reykjavík — Fagurhólsmýri — Reykjavík
13. Reykjavík — Vestmannaeyjar — Reykjavík
14. Akureyri — Egilsstaðir — Akureyri
15. Akureyri — Ísafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til reksturs áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Patreksfjörður — Ísafjörður — Patreksfjörður
2. Þingeyri — Ísafjörður — Þingeyri
3. Sauðárkrókur — Húsavík — Sauðárkrókur
4. Akureyri — Húsavík — Akureyri
5. Egilsstaðir — Hornafjörður — Egilsstaðir
6. Hornafjörður — Fagurhólsmýri — Hornafjörður.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.